

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 155/1961. **Jónatan Stefánsson og sveitarsjóður Njarðvíkurhrepps** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Alden M. Wright og Thomas D. Bullerwell og gagnsök (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 26. október 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., og krafizt þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér samtals kr. 160.672.87 með 6% ársvöxtum frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, dagsettri 7. nóvember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á., og gert eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að fjárhæðir þær, sem þeim verði gert að greiða, verði lækkaðar verulega.

Þá hafa þeir sérstaklega krafizt lækkunar á vaxtahæð.

Loks hafa þeir krafizt málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að gagnáfrýjendur greiði 7% ársvexti á tímabilinu frá 29. desember 1960 til greiðsludags í stað 8%.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjendum 7% ársvexti á tímabilinu frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Jónatan Stefánsson, Ytri Njarðvík, og sveitarstjórinn í Njarðvíkurhreppi f. h. sveitarsjóðs höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 29. apríl 1960, gegn Alden M. Wright og Thomas D. Bullerwell, báðum til heimilis á Keflavíkurflugvelli, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 160.672.87 með 6% ársvöxtum frá 18. desember 1957 til 21. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, þar eð síðargreind bifreið, J 02052, var váttryggð hjá því tryggingafélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Dómarinn hefur leitazt við að sætta aðilja, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Stefnandi Jónatan Stefánsson hefur skýrt svo frá atvikum málsins í sakadómi Keflavíkurflugvallar, að hinn 18. desember 1957, um kl. 19.20, hafi hann komið út úr húsinu Herðubreið við Reykjanesbraut í Ytri-Njarðvík ásamt þeim Skafta og Sverri Sigurðssonum. Hafi þeir ætlað að taka sér far með áætlunarbifreið til Keflavíkur, en biðsstöð þeirrar bifreiðar er þarna gegnt húsinu, hinum megin götunnar. Er hann hafi komið út úr húsinu, kveðst hann hafa séð, að vagninn var að koma. Var hann stöðvaður á vinstri vegarbrún beint á móti Herðubreið,

en þeir félagar voru þá á hægri vegarbrún, hvort tveggja miðað við akstursstefnu til Keflavíkur. Er vagninn var að stöðva, ætlaði Jónatan, er kveðst hafa gengið fyrstur þeirra félaga, að ganga yfir götuna og ná í vagninn. Er hann var kominn út á götuna, kveðst hann fyrst hafa orðið var við bifreiðina J 02052, sem kom akandi frá Keflavík og var ekið á sínum vinstra vegarhelmingi. Kveður Jónatan bifreiðina hafa rétt verið komna að honum, er hann varð hennar var. Hafi hann nú ætlað að snúa við aftur, en það hafi verið orðið of seint, og hafi það engum togum skipt, að hann varð fyrir bifreiðinni og féll í götuna.

Jónatan kveður, að bjart hafi verið yfir, er slysið varð, og útsýnið hafi verið gott þarna á staðnum í umrætt sinn. Bifreiðinni kveður Jónatan hafa verið ekið með ljósum, þegar hann varð fyrir henni, en hann kveðst ekki hafa getað gert sér grein fyrir hraða hennar.

Vitnið Sverrir Sigurðsson hefur skýrt svo frá fyrir sama rétti, að það hafi komið út úr Herðubreið í umrætt sinn ásamt þeim Skafta Sigurðssyni og Jónatan Stefánssyni. Kveðst vitnið hafa gengið svo til samsíða Jónatan á undan Skafta. Er komið var að vegarbrúninni, staðnæmdist vitnið til að huga að umferðinni, en bílar voru að koma úr báðum áttum. Kveðst vitnið hafa talað til Jónatans og hafa sagt við hann eitthvað á þá leið, að bílar væru að koma, en í því hafi Jónatan hlaupið út á götuna og ætlað yfir hana, enda hafi ætlun þeirra félaganna verið að taka strætisvagn, er var á leið til Keflavíkur og var að koma að stöðlinum handan götunnar. Er Jónatan hafi verið kominn um það bil á miðjan veginn og þó ef til vill heldur lengra, hafi hann allt í einu stanzað og hlaupið langs eftir veginum í stefnu á Keflavík, en færzt þó nær þeirri vegarbrún, er hann kom frá. Í því er Jónatan var kominn nokkra metra, hafi lent á honum bifreið, er var að koma frá Keflavík. Vitnið heldur, að Jónatan hafi snúið við, vegna þess að hann hafi haft einhvern ótta af strætisvagninum, er var að koma innan frá og átti skammt eftir ófarið að stöðlinum, er var þarna nokkrum metrum nær Keflavík hinum megin við veginn, þar sem vitnið stóð í umrætt sinn. Aðspurt taldi vitnið, að bifreið sú, er Jónatan varð fyrir, hafi verið ekið með um 40 km hraða, miðað við klukkustund, á sínum vinstra kanti og með ljósum. Bjart hafi verið yfir, er slysið varð, og enginn éljagangur þá stundina. Vitnið segir veginn hafa verið hálán. Aðspurt segir vitnið, að sér hafi ekkert athugavert fundizt við akstur umræddrar bifreiðar, fyrr

en hún rakst á Jónatan, en hann hafi lent hægra megin á högg-hlíf bifreiðarinnar, er slysið varð.

Vitnið Agnes Jóhannsdóttir hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum rétti, að um kl. 19.20, kvöldið, sem slysið varð, hafi það verið að koma út úr húsinu Herðubreið. Í því er vitnið kemur út, sér það, hvar fólksbíl kemur frá Keflavík og, að því er virtist, á hægri ferð. Um leið og bíllinn ætlar fram hjá húsinu, sér vitnið, hvar maður hleypur út á götuna og verður fyrir bílnum. Vitnið kveður, að er slysið varð, hafi verið bjart yfir og því sézt vel til.

Vitnið Ari Arnljóts Sigurðsson hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum rétti, að það hafi ekið strætisvagninum VL 873 á vegum Íslenzkra Aðalverktaka s/f og verið á leið til Keflavíkur hið umrædda kvöld, er slysið varð. Um kl. 19.20 kom vitnið að Herðubreið í Ytri Njarðvík. Þar kveðst það hafa þurft að stöðva vegna annars strætisvagns, eign Kjartans og Ingimars, er var á sömu leið og var að hleypa út farþegum. Voru báðir vagnarnir yzt á vinstra kanti. Er vitnið hafði alveg stöðvað vagninn og leit til hægri, sá það fólksbíl standa við hlið vagnsins og snúa í gagnstæða átt við hann. Lá maður í götunni fyrir framan fólksbílinn. Vitnið fór út úr vagninum og hlúði að hinum slasaða, þar sem hann lá á götunni, og hringdi til lögreglunnar í Keflavík og tilkynnti henni slysið. Vitnið kveður yfirborð vegarins þarna malborið, fast, en lítið eitt holótt. Nokkuð var af fastþjöppuðum snjó á veginum, og var hann því mjög háll. Vitnið kveður hafa verið bjart yfir, er það kom á vettvang.

Vitnið Páll Ingimarsson hefur skýrt svo frá fyrir framangreindum dómi, að það hafi ekið strætisvagninum R 5356 á leið til Keflavíkur um kvöldið, er slysið varð. Um kl. 19.20 var vitnið að koma að Herðubreið og ætlaði að stöðva vagninn þar. Er það átti eftir um það bil 20 m að stöðlinum við Herðubreið, sér það, hvar maður hleypur út á götuna frá hægri og ætlaði augskýnilega að ná strætisvagninum, er vitnið ók. Í því er maðurinn hljóp út á götuna, sá vitnið fólksbifreið koma frá Keflavík, og var hún komin mjög nærri mannum. Kveður vitnið manninn þá allt í einu hafa stanzað á miðri götunni og snúið sér að bílnum, en féll í götuna, í því er bifreiðin stöðvaðist. Telur vitnið, að ökumaður bifreiðar þessarar hafi flautað, er maðurinn sneri sér að henni. Vitnið, sem er atvinnubifreiðarstjóri, telur, að bif-

reiðinni hafi verið ekið á hægri ferð og með lágum ljósum. Vitnið kveður veginn hafa verið nokkuð hálan. Bjart var yfir, er slysið varð, en nokkuð tekið að dimma, svo að aka varð með ljósum.

Stefndi, Thomas D. Bullerwell, hefur skýrt svo frá fyrir framgreindum dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni J 02052 í umrætt sinn og verið á leið frá Keflavík upp á Keflavíkurflugvöll. Er hann var kominn á móts við Herðubreið í Ytri-Njarðvík, hljóp maður allt í einu fyrir bilinn. Stefndi kveðst hafa ekið á um það bil 18—20 mílna hraða, miðað við klukkustund, og hafi hann hemað strax og hann sá manninn hlaupa út á götuna, en ekki getað stöðvað bifreiðina nógu fljótt, þar sem atvik þetta hafi borið að með svo snöggum hætti. Hafi maðurinn orðið fyrir bilnum og kastast á götuna. Stefndi segir, að bjart hafi verið yfir, er slysið varð, en vegurinn sleipur og því hafi hann ekið mjög hægt, eða með um það bil 18—20 mílna hraða, miðað við klukkustund, sem fyrr segir.

Vitnið Dora Jean Bullerwell, eiginkona stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir oftnefndum dómi, að hún hafi setið í framsæti bifreiðarinnar J 02052, er slysið varð. Segir vitnið, að eiginmaður þess hafi ekið mjög hægt, þar eð vegurinn hafi verið nokkuð háll. Er komið var á móts við Herðubreið í Ytri-Njarðvík, kveðst vitnið hafa séð nokkra menn standa við vinstra vegkantinn, og er bifreiðin hafi næstum verið komin að þeim, hafi einn þeirra hlaupið í veg fyrir hana. Þar eð ekki hafi tekizt að stöðva bifreiðina nægilega snemma, hafi maðurinn orðið fyrir henni og fallið í götuna. Vitnið kvað bifreiðina hafa verið vel á vinstra vegarhelmingi, er slysið vildi til.

Vitnið John Sirrano hefur skýrt svo frá fyrir áðurnefndum rétti, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni J 02052 í umrætt sinn. Hafi henni verið ekið með um það bil 20 mílna hraða, miðað við klukkustund, á vinstra vegkanti. Er komið var á móts við Herðubreið, hafi maður allt í einu hlaupið út á götuna í veg fyrir bifreiðina, og hafi það engum togum skipt, að bifreiðin hafi lent á manninum. Vitnið kveður bjart hafa verið yfir umrætt sinn og útsýni því gott.

Vitnið Rósa Sirrano hefur skýrt svo frá fyrir margnefndum rétti, að það hafi verið farþegi í bifreiðinni J 02052 í umrætt sinn og setið í aftursæti hennar. Hafi bifreiðinni verið ekið á hægri ferð á vinstra vegkanti. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið

var við neitt óvenjulegt, fyrr en bifreiðin hafi allt í einu verið stöðvuð. Rétt áður segist vitnið hafa séð mann hlaupa út á götuna frá vinstri.

Skömmu eftir slysið kom löggæzlumaður á vettvang og gerði uppdrátt að slyssaðnum. Inn á afstöðumynd þessa eru mörkuð hemlaför bifreiðarinnar J 02052, sem eru um 16—18 m löng. Við hemlun hefur framendi bílsins runnið um hálfu bílbreidd til vinstri á veginum. Samkvæmt uppdrættinum mun vegurinn hafa verið um 8 m breiður á þessum stað. Á uppdrættinum er sýnt, hvar hinn slasaði lá í götunni fyrir framan hægra framaurbretti bifreiðarinnar J 02052, í um það bil eins metra fjarlægð frá vinstra vegjaðri, miðað við stefnu framangreindrar bifreiðar. Lögreglumaður sá, er afstöðuteikninguna gerði, getur þess í skýrslu sinni til lögreglustjóra, að bifreiðin hafi verið með snjókeðjum á afturhjólum.

Lögregla Keflavíkurflugvallar tók bifreiðina í sínar vörzslur strax eftir slysið, og daginn eftir var hún skoðuð af starfsmönnum bifreiðaeftirlits ríkisins, þeim Sverri Samúelssyni og Júlíusi Bernburg. Í vottorði þeirra, dags. 19. desember 1957 og staðfestu sama dag í sakadómi Keflavíkurflugvallar, segir svo: „Við skoðuðum bifreiðina og reyndum í akstri, og kom eftirfarandi í ljós: Fóthemlar í lagi og rúðuburrka. Bifreið þessi var skoðuð 14/11 1957 og reyndist þá í ólagi. Það, sem þá var að: Stýrisendi hægra megin, lagfæra handhemil, ljósastillingu og endurnýja númerspjöld. Bifreið þessi átti að mæta til endurskoðunar ekki seinna en 20/11 1957, og eru sömu aðfinnslur að enn. Að öðru leyti virtist bifreiðin vera í lagi.“

Af hálfu ákærvaldsins var höfðað opinbert mál gegn stefnda, Thomas D. Bullerwell, vegna umrædds slyss, þar eð hann var talinn hafa gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr., 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Með dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar, uppkveðnum 13. febrúar 1958, var hann sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í refsimálinu.

Samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1958, sbr. dskj. nr. 25, mun þeim dómi eigi verða áfrýjað til Hæstaréttar.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur á Sjúkrahús Keflavíkur, þar sem gert var að meiðslum hans af Bjarna Sigurðssyni sjúkrahúslækni. Í vottorði nefnds læknis, dags. 20/3 1958, segir svo að loknum inngangsorðum:

„Meiðsli hans voru: Húðafrifur, mar og bólga á barnslófastóru svæði á enni hægra megin. Utanvert við hægri augnkrók var ca 3 cm langur skurður. Hægri handleggur var mikið bólgin og aumur.

Vinstri fótleggur var brotinn í miðju, og hékk fóturinn máttlaus og sveigður út á við og til hliðar. Eymsli og bólga voru mikil á öllum legnum, en mest um miðju.

Röntgenmynd: Bæði beinin mölbrotin, brotið stórt stykki úr öðru beininu. Brotið var sett saman og sjúklingurinn settur í gipsumbúðir. Líðan sjúklingsins var frekar slæm fyrstu þrjár vikurnar, en fór síðan batnandi. Fyrir hálfum mánuði var sjúklingurinn settur í göngugips og fór að hafa fótavist og gengur með hækju og staf.

Röntgenmynd sýndi, að brotið var ekki orðið fast. Sennilega þarf sjúklingurinn að vera rúman mánuð enn í gipsumbúðum. Ekki er hægt að segja nú, hvenær sjúklingurinn verður vinnufær.“

Jónatan lá síðan á sjúkrahúsi Keflavíkur þar til 5/7 '58, en þar sem brotið greri ekki, var hann fluttur á Landakotsspítalann í Reykjavík til frekari lækniáðgerðar. Í vottorði dr. med. Bjarna Jónssonar, dags. 10. ágúst 1959, segir m. a. á þessa leið:

„Þann 5/7 1958 var hann lagður í Landakotsspítala, og var gert að brotinu með skurðaðgerð þann 17. júlí. Hann fór úr spítalanum þann 21. október og var þá í göngugipsi.

Ég sá sjúklinginn síðast 13/7 1959. Hann gekk þá óhaltur, hafði tekið til við vinnu í maíbyrjun. Hann sagðist þreytast fyrr í vinstra fæti við gang og sigi bjúgur á legg og ökla, en renni að mestu af yfir nótt. Það, sem hann bagaði helzt, var stirðleiki í vinstri ökla.

Fætur sjúklingsins voru jafnlangir, kálfar jafngildir, dálítill bjúgur á vinstri mjóalegg, vinstra læri nokkru rýrara en það hægra.

	H.	V.
Ummál: 10 cm ofan hnéskeljar	48 cm	44½ cm
kálfi	36½ cm	36½ —

Hreyfingar í mjöðmum og hnjám eðlilegar.

	H.	V.
Hjarahreyfing í öklum	65°/120°	80°/110°

Hverfihreyfing á vinstra fæti ½ á móti því, sem er í þeim hægri. 29 cm langt, striklaga ör, vel gróið yfir miðfleti vinstri sköflungs.

Röntgenskoðun í Landakotsspítala þann 11/7 '59:

„Svæði: V. tibia.

Tibia sin, hefur verið brotin um miðja diafysuna og síðan spengd með beinspöng, sem tekin hefur verið úr efri hluta tibiae, og sjást þar ennþá smá-defectar. Beinspöngin hefur verið fest með málmskrúfum, og fara þær vel, en beinspöngin er mikið til horfin. Brotið er vel gróið, en dálítill sclerosis á brotstaðnum, mergholið er ennþá mikið til oblithererað (en þó opið). Öxulstefna virðist vera góð, bæði í a.p. proj. og á hliðarmynd, enda þótt örlítill dislokatio hafi orðið um brotstaðinn. Fibula sin. hefur einnig brotnað í sömu hæð og tibia og er fibula einnig vel gróin. Töluverð úrkölkun er í vinstri öklalið og sennilega vottar þar fyrir örlítilli varustöðu.

R.diag.: Seq. fract. cruris sin.

Status post osteosynthesem tibiae sin.

Ól. Jóh. (sign.)“

Hér er um að ræða 58 ára gamlan mann, sem fótbrotnaði um miðjan desember 1957. Brotið greri ekki, og myndaðist falskur liður (pseudarthrosis) á sköflung. Um miðjan júlí 1958 var gert að brotinu með skurðaðgerð, og greri það þá í góðri stillingu. Vinstri ökli er enn dálítið stirðari en sá hægri. Hann kann að liðkast nokkuð frá því sem nú er, en búast má við, að hann nái ekki fullri hreyfingu, og er það ekki óalgengt eftir slys af þessu tagi. Vonir standa til, að fóturinn verði að öðru leyti albata.“

Eftir að stefnandi fór af Landakotsspítalanum, lagðist hann aftur inn á sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hann lá til 19. febrúar 1959 einnig vegna afleiðinga brotsins.

Hinn 15. september 1959 skoðaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnanda og mat örorku hans vegna slyssins. Í örorkumati læknisins, dags. 18. september s. á., segir m. a. á þessa leið:

„ Hann hóf fyrst vinnu 15. apríl 1959 og fékk að vinna við léttari störf og var hlíft. Segist hann finna stöðuga framför, en finnur þó óeðlilega fljótt til þreytu í fætinum við meiri háttar áreynslu.

Skoðun: Maður í góðum holdum, kemur eðlilega fyrir. Skýrir frá gangi mála með eðlilegum hætti. — Við höfuð og háls var ekkert athugavert. Blóðþrýstingurinn mældist 170/100. Hjartahljóð voru hrein og regluleg.

Vinstri ganglimur: Engin rýrnun mælanleg á ganglimnum nú. Engin stytting, enda gengur slasaði óhaltur. Framan á endilöngum fótleggnum er 28 cm langt ör, sem mjög lítið ber á, svo vel

er það gróið. Slasaði sagði, að lengi vel hefði bjúgur sótt á fótinn og upp á fótlegginn við stöður og setur. Við prófanir á hreyfanleika í liðamótum finnst, að eðlileg hreyfing er í mjaðmarlið og hnélið. Hjarahreyfing er því nær eðlileg í öklaliðnum, en hins vegar er hverfihreyfing verulega hindruð, eða ca að hálfu, borið saman við hægri ganglim.

Við þuklun á brotstað finnst smá slöður þar framan í legginn, en önnur missmíði finnast ekki. Húð er hreyfanleg yfir brotsvæðinu. Við athugun á röntgenmyndum sést, að sköflungurinn er spengdur saman, og sitja stálskrúfur, 2 ofan og 2 neðan við brotstaðinn. Beinmyndun er mikil á brotstaðnum, og má gera ráð fyrir, að vöðvar framan á fótleggnum séu nokkuð hindraðir í eðlilegu starfi sínu vegna þess, en með tímanum getur slíkt lagast. Má gera ráð fyrir, að þreyta sú, er slasaði kvartar um í fætinum, stafi aðallega af þessu. — Blóðrás er að sjá eðlileg í fætinum. Reflexar eru eðlilegir.

Ályktun: Um er að ræða fótbrott, er hlaut í bílslysi. Báðar pípur þverbrotnuðu. Beinin greru ekki saman, og mynduðust svikaliðamót. Gera varð skurðaðgerð til að festa brotið, og hefur beinsamvöxtur síðan orðið með eðlilegum hætti og bati farið eðlilega að stöfnum.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 14 mán. fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 — þar á eftir	75%	—
— 1 — — — —	35%	—
— 1 — — — —	20%	—
— 1 — — — —	15%	—

Úr því má ætla, að 10% örorka í 6 mánuði og 5% örorka um 1 árs bil sé hæfilegt framhaldsmat. Úr því ætti ekki að verða um örorku að ræða frá fótbrottinu. Þó verður að taka fram, að hugsanlegt er, að skrúfur í beininu losni, og verður þá slasaði að fá bætur fyrir þann tíma, er slík aðgerð við að nema skrúfurnar burt tæki.“

Stefnendur byggja stefnukröfu sína á því, að ökumaður J 02052 eigi alla sök á slysinu með óhæfilega hröðum og gáleysislegum akstri. Hafa verði það í huga, þegar ekið sé um eins fjölfarinn veg og hér um ræðir, að ekki megi aka hraðar en svo, að bifreiðin verði stöðvuð þegar í stað. Af hinum löngu hemlaförum megi sjá, að ökumaðurinn hafi ekki gætt þessarar varúðar. Auk þess beri á það að líta, að hann virðist hafa haft nægilegt

vegrými til þess að sveigja til hægri fram hjá stefnanda Jónatan, ef hann hefði gætt þess. Þá benda stefnendur á það, að nokkur ástæða sé til að ætla, að bifreiðinni hafi verið ekið með lágum ljósum, og þar sem þarna hafi verið myrkur og slæm lýsing, hafi ökumaðurinn ekki átt þess kost að sjá Jónatan fyrr en um seinan. Í þessu sambandi geta stefnendur þess, að bifreiðin J 02052 hafi verið í megnu ólagi, þar eð stýrisendar hægra megin voru bilaðir, handhemill ónýtur og ljósastilling óvirk, og ástæða sé til að ætla, að þessi atriði hafi haft það í för með sér, að bifreiðin hafi ekki látið eins vel að stjórn og nauðsynlegt hefði verið. Þegar á allt þetta sé litið, telja stefnendur, að ekki komi annað til álita en að ökumaður bifreiðarinnar J 02052 verði talinn eiga alla sök á framangreindu slysi.

Með vísan til þessa svo og 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 um fébótaábyrgð á bifreiðaslysum og ákvæða 1. og 3. mgr. 35. gr. sömu laga telja stefnendur, að stefndu beri in solidum að bæta þeim allt það tjón, er af slysinu hefur hlotizt.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að stefnandinn Jónatan eigi alla sök á slysinu með því stórkostlega gáleysi sínu að hlaupa út á götuna án þess að gá að umferð úr áttinni frá Keflavík, enda þótt hún sé geysilega mikil á þessum vegi, ekki hvað sízt á þessum tíma dags. Háttsemi Jónatans kveða stefndu enn gálausegri, þegar þess sé gætt, að Sverrir Sigurðsson hafi áður kallað til hans aðvörunarorð á þá lund, að bílar væru að koma. Þá kveða stefndu það ljóst, að Jónatan hafi verið kominn a.m.k. út á miðjan veginn, er hann hafi snúið við og nálgast aftur vegbrúnina, sem hann kom frá, enda hafði hann að öðrum kosti ekki getað orðið fyrir bifreiðinni. Ökumaður bifreiðarinnar hafi að sjálfsögðu haft fulla ástæðu til þess að ætla, að Jónatan hygðist halda áfram yfir götuna, og hafi þess því verið með engu móti að vænta, að hann reyndi að komast fram hjá honum hægra megin. Hafi þessi viðbrögð Jónatans því verið mjög villandi fyrir ökumann bifreiðarinnar J 02052 og sízt til þess fallin að bæta úr því hættuástandi, er stefnandinn Jónatan hafði skapað með gáleysi sínu. Hvað ökuhraðann snertir, kveða stefndu hann hafa verið óaðfinnanlegan, miðað við aðstæður. Bifreiðinni hafi verið ekið með snjókeðjum á afturhjólum, alveg á vinstri vegbrún og með lágum ljósum logandi, svo sem eðlilegt hafi verið, þar eð bifreiðar hafi komið á móti. Þá taka stefndu fram, að ökumaður bifreiðarinnar hafi þegar hemlað, er hann varð Jónatans var, og síðan gefið hljóðmerki, er Jónatan sneri við á veginum.

Óhugsandi sé með öllu, að gallar þeir á margnefndri bifreið, er lýst hefur verið hér að framan, hafi átt nokkurn þátt í því, hvernig fór, þar eð fóthemlar og horn bifreiðarinnar hafi verið í fullkomnu lagi og ljósmagnið frá henni eðlilegt, enda þótt ljósa-
stillingunni hafi verið áfátt að einhverju leyti. Að lokum benda stefndu á það, að ökumaður bifreiðarinnar J 02052 hafi algerlega verið sýknaður af kröfum ákærvaldsins í refsímáli því, er höfðað var gegn honum, og þó að sú staðreynd ein út af fyrir sig girði ekki fyrir hina objektivu bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, þá sé allt að einu ljóst, að þá ábyrgð beri að fella algerlega niður samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, þar sem stefnandinn Jónatan hafi einn valdið slysinu með hinu stórfellda gáleysi sínu.

Þegar athuguð eru hin löngu hemlaför bifreiðarinnar J 02052, verður að telja, að henni hafi verið ekið of hratt, miðað við að-
staður, þar eð vegurinn var mjög háll á þessum stað og viðkomustaður strætisvagna rétt fram undan. Bar ökumanni bifreiðarinnar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum og draga verulega úr ferðinni, er hann nálgast áðurgreindan strætisvagnastöðul. Þar eð hann gætti eigi þessarar varúðar og ekki er heldur í ljós leitt, að slysinu hefði ekki verið forðað, þótt ökumaður hefði sýnt af sér fulla aðgæzlu í akstri sínum, verður að telja, að ökumaðurinn hafi að nokkru leyti orðið valdur að umræddu slysi með ökulagi sínu. Hins vegar verður ekki séð, að gallar þeir, er voru á bifreiðinni J 02052, hafi átt þátt í slysinu, og koma þeir því ekki til álita, þá sakarskipting verður metin.

Á hinn bóginn er ljóst, að stefnandinn Jónatan á meginsök á nefndu slysi með því gálauslega atferli sínu að hlaupa út á götuna, án þess að gæta að umferð sunnan hennar, og hlaupa síðan aftur í veg fyrir bifreiðina, er hann varð hennar var.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið um atvik að slysinu, þykir ökumaður eiga sök á því að $\frac{2}{5}$ hlutum. Samkvæmt því ber honum og meðstefnda Alden M. Wright sem eiganda bifreiðarinnar J 02052 að bæta stefnendum in solidum tjón það, er af hefur hlotizt, að $\frac{2}{5}$ hlutum, sbr. 1. mgr. 34. gr. og 1. og 3. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941, en stefnendur verða sjálfir að bera $\frac{3}{5}$ hluta tjónsins, sbr. 3. mgr. 34. gr. nefndra laga.

Verður fyrst vikið að kröfum stefnandans Jónatans Stefáns-sonar. Kröfu sína hefur hann sundurliðað þannig:

1. Atvinnutjónsbætur kr. 91.093.87

2. Þjáningabætur og bætur fyrir lýti ..	kr. 30.000.00
3. Hluti af sjúkrahúskostnaði	— 10.000.00
4. Læknisvottorð, röntgenmyndir o. fl. ..	— 3.644.00
	Kr. 134.737.87

Frá þessari upphæð dregur stefnandinn Jónatan kr. 12.000.00, er réttargæzlustefndi hefur þegar greitt honum án viðurkenningar á bótaskyldu. Eftir standa þá kr. 122.737.87, er Jónatan krefst að sér verði tildæmdar í máli þessu. Hinir einstöku kröfuliðir verða nú teknir til athugunar.

Um 1. lið:

Á grundvelli örorkumats Þórarins Sveinssonar læknis hefur lögmaður stefnenda, Benedikt Sigurjónsson hrl., reiknað út atvinnutjón Jónatans vegna hinnar tímabundnu örorku hans. Lögmaðurinn hefur reiknað með kr. 20.67 pr. klukkustund í dagvinnu, sem er í samræmi við kaup verkamanna eftir dagsbrúnartaxta, eins og hann var oftast á þessum tíma.

Þá hefur lögmaðurinn talið hverja vinnuviku 48 stundir og 48 vinnuvikur á ári. Reiknað er með 9 stunda eftirvinnu á viku hverri og 6% orlofsfé. Lögmaðurinn lætur þess getið í útreikningi sínum, að verulegan hluta þess tímabils, er Jónatan var haldinn hinni tímabundnu örorku, hafi tímakaup verkamanna verið hærra en það, er hann hefur miðað við.

Samkvæmt þessu telst lögmanninum atvinnutjón Jónatans af völdum slyssins nema kr. 91.093.87.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og telja lögmanninn hafa áætlað Jónatan of háar tekjur í útreikningi sínum. Þá benda þeir á, að taka beri tillit til þess, að Jónatan hafi sparazt veruleg útgjöld til framfærslu sinnar vegna hinnar löngu sjúkrahúsvistar. Að lokum telja stefndu, að lækka beri bæturnar með tilliti til skattfrelsis þeirra.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Jónatans hafa framtaldar tekjur hans numið sem hér segir:

Árið 1955	kr. 58.946.86
— 1956	— 34.967.00

Jónatan taldi ekkj fram tekjur sínar fyrir árið 1954, og voru honum því áætlaðar kr. 21.000.00 í tekjur fyrir það ár.

Þegar litið er til þessara skattframtala, verður að telja kröfulið þennan of hátt áætlaðan. Með tilliti til þessa svo og þeirra röksemda, sem stefndu hafa fært fram til lækkunar þessum kröfulið, og annarra þeirra atriða, er hér skipta máli, þykja

bætur til Jónatans fyrir atvinnutjón hans hæfilega ákveðnar kr. 70.000.00.

Um 2. lið.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hér að framan hefur áverkum Jónatans verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar er rakið, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 3. og 4. lið.

Kröfuliðum þessum hefur ei verið andmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Úrslit þessa þáttar málsins verða því þau, að stefndu verða dæmdir in solidum til að greiða stefnandanum Jónatan Stefánsyni kr. 29.457.60, þ. e. $\frac{2}{3}$ (70.000.00 + 20.000.00 + 10.000.00 + 3.644.00 + 12.000.00) auk 6% ársvaxta frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 9% til 29. desember s. á., og frá þeim degi 8% til greiðsludags, enda hafa stefndu mótmælt því, að reiknað verði með 9% vöxtum lengur en til 29. desember 1960.

Verður nú vikið að kröfu sveitarsjóðs Njarðvíkurhrepps. Þar eð stefnandinn Jónatan Stefánsson naut ekki réttinda í sjúkrasamlagi, er slysið vildi til, og var maður örsnauður, varð sveitar-sjóður Njarðvíkurhrepps að standa straum af sjúkrakostnaði hans að mestu leyti.

Sjúkrakostnaðurinn sundurliðast þannig:

Sjúkrahúsið í Keflavík, 18/12 1957 til 5/7 1958	
og frá 21/10 1958 til 19/2 1959	kr. 35.115.00
Sjúkrahúsið að Landakoti frá 5/7 1958 til 20/10 '58	— 12.535.00
Sjúkraflutningur	— 285.00

Kr. 47.935.00

Jónatan Stefánsson hefur greitt kr. 10.000.00 upp í þennan kostnað, þannig að krafa þessa stefnanda verður kr. 37.935.00.

Þar sem hér er um endurkræfan sveitarstyrk að ræða og krafa þessi er einn þáttur þessa tjóns, er stefnandinn Jónatan Stefánsson varð fyrir vegna slyssins, ber að taka kröfu þessa stefnanda til greina að fullu, enda hefur hún ei sætt tölulegum andmælum. Verða stefndu því dæmdir in solidum til að greiða sveitarsjóði Njarðvíkurhrepps kr. 15.174.00 (þ. e. $\frac{2}{3}$ af kr. 37.935.00) auk 6% ársvaxta frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, en frá

þeim degi 9% til 29. desember s. á., og 8% frá þeim degi til greiðsludags, enda hafa stefndu mótmælt því, að reiknað verði með 9% vöxtum lengur en til 29. desember 1960.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnendum málskostnað, sbr. 4. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.700.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Alden M. Wright og Thomas D. Bullerwell, greiði in solidum stefnandanum Jónatan Stefánssyni kr. 29.457.60 og stefnandanum sveitarstjóra Njarðvíkurhrepps f. h. sveitar-sjóðs kr. 15.174.00 auk 6% ársvaxta af báðum fjárhæðun-um frá 18. desember 1957 til 22. febrúar 1960, en 9% frá þeim degi til 29. desember s. á., og 8% frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber stefndu að greiða stefnendunum kr. 5.700.00 í málskostnað, einnig in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt-ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1962.

Nr. 12/1962. **Hans Kragh, Elfer Berg, Hans Jensen o. fl.**
 gegn

Guðjóni Bernharðssyni f. h. Plútó h.f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Hans Kragh, Elfer Berg, Hans Jensen o. fl., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, úti- vistargjald til rikissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
